

**Sp. 571. Tillaga til þingsályktunar [279. mál]**

um skipun nefndar til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna.

Flm.: Halldór Blöndal, Vilmundur Gylfason, Guðm. G. Þórarinsson,  
Birgir Ísl. Gunnarsson, Ingólfur Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir,  
Jón Baldvin Hannibalsson, Salome Þorkelsdóttir,  
Sigurlaug Bjarnadóttir, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 6 manna nefnd, er kanni starfsskilyrði myndlistarmanna hér á landi og geri tillögur um, hversu hið opinbera geti best örvað sjálfstæða listsköpun með því að myndlistarmönnum sé skapaður viðunandi starfsgrundvöllur. Nefndin skal hafa samráð við félag myndlistarmanna og þær stofnanir, sem starfa að myndlistarmálum.

Menntamálaráðherra skal skipa nefndina samkvæmt tilnefningu þingflokka og Sambands íslenskra sveitarfélaga er tilnefni sinn nefndarmann hvert. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

## Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur verið mikil gróska í myndlist hér á landi og vel menntuðum og hæfum myndlistarmönnum hefur farið mjög fjölgandi. Þessu listalífi hefur m. a. verið haldið uppi af almenningi með kaupum á listaverkum. Þessi merkilegi þáttur í menningarlífi okkar er einsdæmi og vottur um mikinn myndlistaráhuga hjá þjóðinni. Einnig hafa ríki og sveitarfélög, bankar og sjálfseignarstofnanir á undanförnum áratugum veitt myndlistarmönnum ómetanlegan stuðning. Fyrir flutningsmönnum vakir að koma þessum framlögum í fastara form, en þeir hafa ekki mótaðar tillögur í fórum sínum. Þó benda þeir á eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að kanna starfsgrundvöll myndlistarmanna, svo sem það, hversu skattlagningu á efni til listsköpunar er háttað.

Listaverk í opinberum byggingum styrkja tilfinningu fólks fyrir þjóðerni sínu og uppruna. Það er menningar- og þjóðernismál, að opinberar byggingar séu skreyttar listaverkum, og nauðsynlegt að þau séu talin til byggingarkostnaðar. Ekki þarf að tíunda uppeldislegt gildi slíks umhverfis.

Sjálfsagt þykir að tónskáld fái umbun sé verk þess flutt í útvarpi, eða rithöfundur sé bók lánuð af bókasafni. Fyrirkomulagsatriði er hversu samsvarandi greiðslum skuli háttað til myndlistarmanna vegna verka, sem eru til sýnis í söfnum eða á vegum opinberra aðila. Þessi málverk eða höggmyndir eru á sinn hátt lifeyris-sjóður aldraðra myndlistarmanna. Ekki er vansalaust að þess skuli finnast dæmi, að fremstu listamenn okkar búi við framfærsluvandamál í elli sinni eftir að heilsan hefur gefið sig.

Norðmenn hafa löngum haft tilhneigingu til þess að eigna sér fornbókmenntir okkar með ríkulega myndskreyttum útgáfum, t. d. af Heimskringlu. Hér á landi sýndi Ragnar í Smára lofsvert frumkvæði í þessa veru, m. a. með útgáfu Grettissögu og Brennu-Njálssögu, myndskreyttra af okkar fremstu listamönnum. Ekkert sambærilegt hefur síðan gerst.

Á Austurvelli er stytta Einars Jónssonar af Jóni forseta. Í þinghúsinu er málverk Gunnlaugs Blöndals af Þjóðfundinum. Og í fundarsal borgarstjórnar Reykjavíkur hangir uppi veggteppi Vigdísar Kristjánsdóttur af landnámi Ingólfs Arnarsonar, ofið eftir teikningu Jóhanns Briems. Í Valhöll hefur Einar Hákonarson dregið fram úr Njálu hvernig Skarphéðinn spottar Brennu-Flosa á Þingvöllum.

Áfram verður að gera listaverk úr sögu þjóðarinnar, markverðum atburðum eða táknrænum. Það er ekki síður gott yrkisefni góðum myndlistarmanni en umhverfið, landið sjálft. Nærtækt dæmi er kristnitakan og aldamótaárið 2000.

Á tímum litasjónvarps vekur þvílíkt listrænt framtak heilbrigðan þjóðernislegan metnað. Í holu fjölmiðlaflæðinu er ekkert eins lifandi og listaverk, þar sem það hangir uppi á vegg og er kyrrt á sínum stað.

Sendiráð okkar erlendis eru gluggi Íslands út á við. Erlendur maður, sem villist þangað inn, fær að visu hugmyndir um að Íslendingar séu sérfræðingar í vöndum eftirprentunum, en of lítið er um frummyndir eftir okkar fremstu málara.

Á hinn bóginn hefur verið tíska að tjalda verkum myndlistarmanna okkar erlendis við sérstök hátíðleg tilefni. Svo var m. a. gert er forseti Íslands fór í opinbera heimsókn til Danmerkur nýverið. Þess á milli eru myndlistarmenn okkar afskiptir.

Á undanförnum árum hafa myndlistarmenn unnið brautryðjendaverk með því að færa list sína inn í atvinnulífið. Dæmi má taka úr silfur- og gullsmíði, keramikframleiðslu og vefnaði. Í kjölfarið hafa opnast nýir markaðir erlendis fyrir þessar vörur. Spurningu vekur, hvort þessu hljóðláta en árangursríka starfi hafi verið gefinn nægur gaumur eða hversu megi breikka það í náinni framtíð. Með því að horfa til Dana, sem löngum hafa verið okkur fyrirmynd, sjáum við að um leið og við virkjum árnar getum við virkjað hugvitið, — viðurkennt, að hönnuðir eru atvinnuskapandi eins og stál og vatn.